

## GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald á Breiðdalsvík árið 2006.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund á Breiðdalsvík sbr. c-lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Breiðdalsvík skal vera kr. 8.000 á árinu 2006.

Gjaldið greiðist á gjalddaga, 1. mars en eindagi er 31. mars.

2. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps þann 18. janúar 2006 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Breiðdalsvík frá 1988 og gildir fyrir árið 2006.

*Breiðdalsvík, 24. janúar 2006.*

**Sigfríður Þorsteinsdóttir** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. febrúar 2006